

Alþingi
Erindi nr. D 121 / 744
komudagur 15 / 1997

Nefnd um starfsábyrgðartryggingar

Reykjavík 8. janúar 1997

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. fr. Sólveigar Pétursdóttur, form.
Alþingi
150 Reykjavík


Viðskiptaráðherra skipaði hinn 6. september 1996 nefnd sem skyldi fjalla um hvort rétt væri að semja frumvarp til laga um rammalöggjöf um starfsábyrgðartryggingar. Nefnd þessa skipa Eyvindur G. Gunnarsson, umhverfisráðuneyti, Jón Magnússon, Neytendasamtökunum, Jón Thors, dómsmálaráðuneyti, Ragnheiður Snorradóttir, fjármálaráðuneyti, Sigmar Ármannsson, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sólveig Guðmundsdóttir, heilbrigðis-og tryggingaráðuneyti, svo og undirritaður, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Á fundi sínum hinn 2. janúar 1997 samþykkti nefndin hjálagt minnisblað þar sem fram kemur það álit nefndarinnar að starfsábyrgðartryggingar skuli miðast við að bæta tjón sem hlutaðeigandi veldur af almennu gáleysi í starfi sínu.

Nefndinni er kunnugt um að hjá allsherjarnefnd Alþingis, svo og hjá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, eru nú til umfjöllunar frumvörp sem fjalla m.a. um starfsábyrgðartryggingar nokkurra starfsstétta (þ.e. fasteignasala, bílasala, endurskoðenda og lögmanna). Með hliðsjón af því þá fól nefndin undirrituðum að koma á framfæri við háttvirta allsherjarnefnd Alþingis sjónarmiðum nefndarinnar, sbr. hjálagt minnisblað dags. 2. janúar 1997, ef það mætti verða að gagni við meðferð málsins hjá þingnefndinni.

Undirritaður er reiðubúinn til að veita frekari upplýsingar um starf nefndarinnar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,


Tryggvi Axelsson, form.

Nefnd um starfsábyrgðartryggingar

Minnisblað

Reykjavík 2. janúar 1997

1. Með bréfi dags. 6. september 1996 skipaði viðskiptaráðherra nefnd sem skyldi fjalla um hvort rétt væri að semja frumvarp til laga um rammalöggjöf um starfsábyrgðartryggingar. Nefndin hefur aflað upplýsinga frá öllum ráðuneytum um tilhögun starfsábyrgðartrygginga á ýmsum starfssviðum.

2. Nefndin er sammála um að þegar í lögum er kveðið á um að starfsstétt skuli hafa starfsábyrgðartryggingu þá eigi að miða við að slíkar tryggingar séu til að bæta tjón sem hlutaðeigandi veldur af almennu gáleysi í starfi sínu. Tjón sem rakið verði til ásetnings eða stórfellds gáleysis skuli undanskilið. Í lögum og reglugerð sem gilda um viðkomandi starfsstétt er rétt að kveða nánar á um hámarksbætur í hverju tjóni, heildarfjárhæð bóta innan hvers vátryggingatímabils o.s. frv. Í vissum tilvikum hefur við setningu laga og reglugerða um einstakar starfsstéttir verið gengið lengra og m.a. krafist að trygging skuli einnig taka til tjóns sem valdið hefur verið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Svo víðtæk vátryggingaskylda er í engu samræmi við vátryggingavenjur, enda má ætla að tjónstilvik af þessu tagi séu oftast en ekki refsiverð. Þá eru fá, ef nokkur, haldbær rök fyrir þeirri mismunun sem felst í því að sumum stéttum sé gert skylt að taka svo víðtæka starfsábyrgðartryggingu að hún nái til refsiverðar háttsemi, en aðrar og minni kröfur gerðar að þessu leyti til annarra og iðulega sambærilegra starfsstétta. Loks er brýnt að kröfur í lögum verði ekki svo íþyngjandi að starfsskilyrði innlendra aðila verði lakari en erlendra keppinauta.

3. Nefndin mun kanna á næstu fundum sínum hvort og hvernig hún hún telur að veita eigi neytendum vernd gegn tjóni sem valdið er af ásetningi og stórkostlegu gáleysi sem fellur utan almennrar starfsábyrgðartryggingar. Kanna verður hvaða stéttir væri eðlilegast að féllu undir slíkt kerfi.

* * * * *